

311. fundur

Föstudaginn 29. ágúst 2025, kl. 10:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í atvinnuvegaráðuneytinu. Fundinn sátu: Tryggvi Þór Herbertsson, formaður, Elín Margrét Stefánsdóttir, Hálf dán Óskarsson, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Sigurbjörg Ottesen. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson og Ásta Einarsdóttir, ATRN.

Þetta gerðist á fundinum.

Formaður tók eftirfarandi fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Nýr verðlagsgrundvöllur og verðlagning – mismunur verðlagningar og tekna bænda

Lagt fram erindi Bændasamtaka Íslands til verðlagsnefndar dags. 26. ágúst 2025 um nýjan verðlagsgrundvöll og samband verðlagningar á grunni hans og tekna bænda. Í erindinu kemur fram að niðurstaða heildarkostnaðar í verðlagsgrundvelli stangist verulega á við afurðatekjur bænda að viðbættum stuðningi úr búvörusamningum, enda nemi mismunurinn um 114 kr./ltr skv. verðlagsgrundvelli júnímánaðar. Formaður átti fund með atvinnuvegaráðherra um málið og greindi frá því að niðurstaða fundarins hefði verið sú að meginhlutverk verðlagsnefndar væri að taka verðákvarðanir sem byggjast á breytingu verðlagsgrundvallar frá einum tíma til annars. Samkvæmt 3. mgr. 8. gr. búvörulaga skal verðlagsnefnd semja um verðlagsgrundvöll með hliðsjón af ákveðnum kostnaðarpáttum. Verðlagsgrundvöllur feli aðeins í sér mat eða viðmiðun á rekstrarkostnaði kúabús og sé ætlað að meta þróun kostnaðarliða frá einum tíma til annars. Hlutverk verðlagsnefndar væri því ekki að verðleggja eftir niðurstöðu verðlagsgrundvallar í krónum talið heldur taka mið af metnum kostnaðarbreytingum milli tímabila. Í frumvarpi því er varð að lögum nr. 94/1947 um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o.fl. er m.a. fjallað um verðlagsgrundvöll og má segja að lögin séu forveri ákvæða búvörulaga um sama efni. Í II. kafla frumvarpsins kemur fram að Hagstofu Íslands sé gert að afla árlega allra undirstöðugagna svo hægt sé að fylgjast stöðugt með öllum breytingum og reikna árlega vísitölu framleiðslukostnaðar í samræmi við þær og á grundvelli þeirra upplýsinga ákvæða verðlagsvísitölu landbúnaðarvara. Framkvæmd nefndarinnar hefur því verið þannig að byggt hefur verið á breytingu á verðlagsgrundvelli þ.e. vísitölu framleiðslukostnaðar frá einum tíma til annars við töku ákvarðana um lágmarksverð mjólkur. Með vísan til þessa hafi erindið ekki verið tekið til efnislegrar meðferðar hjá nefndinni. Formaður benti einnig á að málið væri þannig vaxið að æskilegt væri að skoða það í samhengi og samráði við ráðuneytið í tengslum við mótun starfsskilyrða landbúnaðar. Í lok þessa dagskrárliðar reifaði formaður hugmynd um að fá framkvæmda nákvæma vinnuælingu á kostnaðarliðnum laun og launatengd gjöld í verðlagsgrundvelli kúabús, sem ekki var framkvæmd við síðustu endurskoðun verðlagsgrundvallar.

Bókun: Fulltrúar bænda bóka eftirfarandi við lið 1. Við erum ekki sammála þeirri túlkun að það sé eingöngu hlutverk verðlagsnefndar að taka verðákvarðanir út frá mældum breytingum milli tímabila. Við lítum svo á að það sé hlutverk verðlagsnefndar að taka ákvörðun um lágmarksverð á mjólk til framleiðenda út frá framleiðslukostnaði samkvæmt verðlagsgrunni kúabús.

2. Iðnaðarlíkan – tilboð í úttekt á líkaninu

Á 310. fundi var ákveðið að leita tilboða til sérfræðinga um að veita umsögn eða staðfestingu á því hvort iðnaðarlíkanið endurspegli vinnslu- og dreifingarkostnað mjólkurvara með glöggum og sannarlegum hætti. Tilboða var leitað til þriggja aðila og þau reifuð. Eftir umræður var samþykkt að formaður í samráði við ráðuneyti ákveði hver verði ráðinn til verksins, að undangenginni fjárheimild ráðuneytis.

3. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Farið var yfir þróun verðlagsgrundvallar kúabús frá síðustu verðlagningu, sem tók gildi 12. maí sl. og byggði á verðlagsgrundvelli marsmánaðar. Kostnaðarliðir hafa hækkað um 1,15% frá mars 2025 til júní 2025. Byggir sá útreikningur á nýjustu gildum þeirra vísitalna sem notaðar eru til framreiknings verðlagsgrundvallar, þ.e. vísitölugildi frá mars til júní. Umræður um dagsetningu kjörvaxta sem notaðir eru til útreiknings fjármagnskostnaðar á vélum, en miðað er við kjörvexti þriggja stærstu viðskiptabankanna. Vaxtabreytingar eru óreglulegar og ekki háðar

ákveðnum dagsetningum. Til að taka allan vafa við framkvæmd framreiknings verðlagsgrundvallar var ákveðið að vextir á vélum miðist við gildandi vexti 15. dag þess mánaðar sem verðlagsgrundvöllur á við um. Þá var ákveðið að venju samkvæmt verði áfram miðað við að verðlagsgrundvöllur sé gefinn út fyrir mars, júní, september og desembermánuð. Að lokinni yfirferð og umræðum var verðlagsgrundvöllur staðfestur.

4. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu sem tók gildi 12. maí, en hún byggði á niðurstöðum iðnaðarlíkans í mars. Frá mars til júní er hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar metin 1,55%. Að lokinni yfirferð yfir helstu forsendur og umræður voru niðurstöður iðnaðarlíkansins staðfestar.

5. Verðákvörðun

Að loknum umræðum um niðurstöður verðlagslíkana og þróun kostnaðarliða síðustu mánuði var lögð fram tillaga um hækkun lágmarksverðs og heildsöluverðs. Lagt til að lágmarksverð til bændu yrði hækkað um sem nemur hækkun verðlagsgrundvallar frá mars til júní 2025 og að heildsöluverð hækki um 1,33%, sem nemur veginni hækkun lágmarksverðs og hækkunar vinnslu og dreifingarkostnaðar. Tillagan var samþykkt. Lágmarksverð mjólkur til bændu hækkar þann 1. september, um 1,15% úr 139,53 kr./ltr í 141,13 kr./ltr. Heildsöluverð mjólkurvara hækkar þann 8. september, um 1,33%. Þann 1. september hækkar heildsöluverð ógerilsneyddrar mjólkur í lausu máli um 1,03% vegna hækkunar hráefniskostnaðar og um 0,16% þann 8. september vegna hækkunar vinnslu- og dreifingarkostnaðar, samanlagt úr 156,53 kr./ltr í 158,39 kr./ltr.

6. Önnur mál

Umræða um hvort unnt sé að færa fundarröð framar og taka verðákvörðanir fyrr en ella. Það verður tekið til skoðunar með hliðsjón af birtingaráætlun Hagstofunnar og hvenær vísitölugildi hvers verðlagsgrundvallar séu tiltæk. Ráðuneyti gerir tillögu í tölvupósti.

Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 11:30.

Tryggvi Þór Herbertsson

Arnar Freyr Einarsson